

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. desember 2009.

Efni: Frumvarp til laga um ráðstafanir í skattamálum (virðisaukaskattur o.fi.) (239. mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp, sem felur í sér ýmsar breytingar á virðisaukaskatti, vörugjöldum og annarri gjaldtöku ríkisins.

Frumvarp þetta felur í sér umtalsverðar breytingar á fyrirkomulagi neysluskatta, s.s. tilfærslu ýmissa vara í hærra virðisaukaskattsþrep, aukið misræmi í skattlagningu vörutegunda, hækkun á áfengisgjaldi, handahófskennd vörugjöld og fjölgun virðisaukaskattsþrepa. Þessar breytingar munu án efa gera ýmsum atvinnugreinum erfitt fyrir, einkum innflytjendum, ferðaþjónustunni og ýmsum framleiðslufyrirtækjum. Með hækkun á neyslusköttum eru stjórnvöld einnig að auka við verðbólgu enda gætir áhrifanna beint í verðlagsmælingum og eykur frumvarpið því bæði beint og óbeint á byrðar íslenskra heimila og fyrirtækja.

Eins og Viðskiptaráð hefur ítrekað bent á þá virðast stjórnvöld ekki taka tillit til þess að veruleg aðlögun hefur þegar átt sér stað hjá heimilum og fyrirtækjum landsins. Þetta sést best á umtalsverðum samdrætti í einkaneyslu, meira en 10 þúsund töpuðum störfum, hruni í fjárfestingu einkaaðila, fjöldagjaldþrotum fyrirtækja og lækkandi launum á almennum vinnumarkaði. Um leið og þessum hópi er ætlað að bera auknar byrðar þá stefnir ríkið eingöngu að því að taka lítil skref í átt til niðurskurðar og aðhalds, þrátt fyrir verulega þenslu í útgjöldum þess undanfarin ár.

Telji stjórnvöld sig knúin til að hækka óbeina skatta hefði verið æskilegra að miða að einfaldari breytingum á og bíða jafnvel með breytingar þar til verðbólga hefur hjaðnað.

Hvað einstakar athugasemdir Viðskiptaráðs við frumvarp þetta varðar þá vísast til breytingatillagna í umsögn Félags íslenskra stórkaupmanna (FÍS) og í umsögn Samtaka verslunar og þjónustu (SVP) við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs